

Á NYÁRSNÓTT

I

Í ársbyrjun 1939 skrifað ég nokkrar nýárshugleidiðingar sem lesa má (ásamt viðauka) í Framnýal. Þar stendur þetta: „Aldrei hefir þó, að því er mér virðist, annar eins voði og nú, vofað yfir þjóð vorri (og fleirum) og væri ekki rétt af mér að þegja, þar sem ég er sannfærður um að þeim voða mætti astýra. Hin hörmulegu slys, sem hér urðu árið sem leið, munu verða talin eins og gustur á undan stormi, ef nær að skella á élið, sem nú syrtir að.“

Og enn fremur: „Er það grunur minn, að svo gæti farið, að varla mundu liða 3 ár áður en hæfust hér manndráp.“

Eins og menn vita, hafa viðburðirnir leitt í ljós, að mér hafði rétt sýnst um horfurnar; og eins hefir grunur minn um að íslenskir menn mundu drepnir verða á næstu árum, réttur reynst. Virðist mér sem þetta, og margt annað af sama tagi, ætti að geta verið mönnum nokkur hvöt til að lesa með greind og athygli það sem ég skrifa, og kemur nú sitthvað af því sem ég hefi verið að hugsa um þessa nýarsnótt.

II

Fjarri er það mér, að vilja telja nokkurn á að dást ekki að þeim dyggðum, sem fram koma í þessari ógurlegu styrjöld, sem nú geisar, svo sem skyldurækninni, hugvitnu, hugprýðinni og líknseminni. En þó er óhætt að fullyrða, að styrjöld þessi er í heild sinni það vitlausasta, sem gerst hefir í allri mannkynssögunni. Frá sjónarmiði þeirrar jarðfræði, sem nokkurn skilning hefir öðlast á tilgangi jarðlífsins, er augljóst, að aldrei hefði getað verið líkt því eins hættulegt að heyja heimsstyrjöld, og einmitt nú. Mannkyn jarðar vorrar er að því komið að fara á mis við að tilgangi lífsins verði hér

náð; það er ekki einungis á glötunarvegi, heldur á glötunarbarmi.

Verði þessari styrjöld haldið áfram nógum lengi, virðast mér allar horfur á því, að ekki mundi verða rétt við aftur. En þó hefir því spáð verið, að rétt muni verða við. Og það sem ótrúlegast er, hin litla íslenska þjóð hefir verið sett í samþand við þessa björgun mannkynsins, eins og rétt er að komast að orði, því að um ekkert minna er að ræða, en einmitt það. Og er vart hægt að hugsa sér það sem meir sé með ólíkindum en þetta íslenska björgunarfyrtæki. En þó er sitt hvað, sem gæti til þess bent, að mjög óvanalegir tímar færuru í hönd fyrir íslensku þjóðina. — Gætið að, hvernig engu er líkara en því, að verið sé að rétta þessari hrjáðu þjóð hjálparhönd. Land vort hefir á köflum mátt heita nálega óbyggilegt, en nú eru horfurnar á því að Ísland geti orðið betra land, meiri en nokkru sinni áður. Sjórinn í kringum landið er að hlýna, loftslagið að verða mildara. Og þeir atburðir hafa gerst, sem á þann hátt er menn síst varði, hafa stórkostlega miðað til að vinna bug á þessari fátækt, sem öld eftir öld hefir þjakað þjóðina og hamlað framförum. Og horfur eru nú á, að Íslendingar muni hér eftir eiga miklu betri kost menntunar en nokkru sinni áður. Íslenskir menn sýndu á miðöldunum, þrátt fyrir margfalda erfiðleika, meiri hug á að færa sér í nyt sumar merkustu menntastofnanir Evrópu en nokkur Norðurlandaþjóð önnur. Og enn í dag reynast þeir við erlendar menntastofnanir í röð fremstu námsmanna, þrátt fyrir þá erfiðleika, sem það veldur, að geta ekki við nám og próf, neytt síns eigin máls. Og má enn minna á það, sem hinn ágæti ameríski landfræðingur Ellsworth Huntington hefir svo skarplega athugað, hversu óvanalega marga merkismenn íslenska þjóðin hefir átt, þegar miðað er við mannfjölda og hinrar erfiðustu ástæður.

III

Spurningin er nú þessi: Mun íslenska þjóðin vakna við köllun sinni? Mun hún átta sig á því, að íslensk hugsun verður að geta orðið leiðarljós mannkynsins, ef ekki á verr

að fara? Erfiðleikarnir eru miklir, því að ekki er hægt að bera brigður á það, að íslenska þjóðin er enganveginn laus við þann galla smáþjóða, að meta meir allt, sem útlent er. Mér kemur í hug, í þessu sambandi, að ég heyrði eithvert sinn two vel ritfæra menn vera að tala um, hversu gott sögu-efni það væri, að Guð og andskotinn heimsækstu jörð vora, og kæmu fram hér á Íslandi. Kom þeim saman um, að andskotinn mundi verða hér í mun meiri metum. Gerðu jafnvel ráð fyrir, að hann kæmi hingað sem útlendingur, og auðgaðist á kaupskap.

En hvað sem þessu söguefni líður, þá er ósköp hætt við því, að lygin væri hér fremur í hávegum höfð ef hún væri útlend, og að sannleikurinn mundi fremur eiga á hættu að vera hér einskis metinn, ef hann væri íslenskur.

IV

Ég ætla ekki að fara að segja, hvað verða muni. En þetta er óhætt að fullyrða. Ef sannleikurinn, jafnvel þótt íslenskur sé, verður á Íslandi metinn eins og vert er, þá mun vel vegna. Þá mun böli ófriðarins létta af fyrr en varir. Því að þá mun verða þess kostur að veita þá hjálp frá æðri stöðum, sem ekki er unnt að koma fram, við þær ástæður, sem nú eru.

Framtíð Íslands er komin undir því, fyrst og fremst, að nægilega fullkomíð samband geti tekist við súlikar verur sem trú fornmanna á guði byggðist á — trú sem eins og allur átrúnaður fyrri manna, var að mestu leyti misskilningur og því gagnslítil.

Og framtíð alls mannkyns er tengd íslenskri framtíð. Mannkyninu verður ekki bjargað, ef Ísland getur ekki í sannleika orðið landið helga, landið þar sem verið er nær Guði en í öðrum stöðum á þessari jörð. En einmitt þessu hefir spáð verið. Og jafnvel þann stuðning hefir forsjónin veitt þjóðinni, sem býr í landinu, þar sem íslenskum spámanni mundi veita erfiðara en öðrum, að það eru ágætir útlendingar sem hafa spáð því, að Ísland muni, öðrum löndum fremur, verða nefnt landið helga.